



Reykjavík, 15. júlí 2020

Brot Almenna lífeyrissjóðsins gegn 37. gr. laga nr. 129/1997

Í kjölfar fyrirspurnar frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) bárust upplýsingar frá Almenna lífeyrissjóðnum þann 22. maí 2020 þess efnis að heildareign lífeyrissjóðsins í verðbréfasjóði hefði farið yfir lögbundið hámark fjárfestingarheimilda, sbr. 6. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 129/1997, skal lífeyrissjóður tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar um að fjárfesting lífeyrissjóðs hafi farið fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögnum og skal þegar gera ráðstafanir til úrbóta.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að eign Almenna lífeyrissjóðsins hafi farið yfir lögbundið hámark laganna án þess að Fjármálaeftirlitinu hafi verið tilkynnt um brotið í samræmi við 37. gr. laga nr. 129/1997. Þá var það einnig niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að lífeyrissjóðurinn hafi ekki þegar gripið til ráðstafana til að koma sér undir lögbundið hámark líkt og 37. gr. laganna gerir kröfu til.

Í kjölfar samskipta við Fjármálaeftirlitið greip lífeyrissjóðurinn til fullnægjandi ráðstafana.